

Listamannalaun

Efsti flokkur aflagður

Úthlutunarnefnd listamannalauna kynnti í gær hverjir fengu listamannalaun í ár. Það eru 99 listamenn sem fá 68 þúsund krónur hver. Samkvæmt lögum er nú bara einn flokkur listamannalauna og varð nefndin sammála um að þann flokk fylltu þeir sem sæti áttu í efri flokki í fyrra auk átta listamanna til viðbótar.

Þeir sem bætast í hópin í ár eru Ásgerður Búadóttir, Áskell Másson, Hjálmar H. Ragnarson, Hrólfur Sigurðsson, Nína Björk Árnadóttir, Vigdís Grímsdóttir, Þórunn Elfa Magnúsdóttir og Þuríður Guðmundsdóttir.

—Sáf

Slippstöðin

Einkaframtaki hafnað

Fyrirhuguðum kaupum Gunnars Ragnars á hlutabréfum ríkisins mótmælt af starfsmönnum. Söfnuðu undirskriftum, sem flestir skrifuðu undir. Formaður Starfsmannafélagsins: Menn treysta ekki einkaframtakinu fyrir fyrirtækinu

Það var mikill meirihluti starfsmanna Slippstöðvarinnar sem skrifaði undir skjal þar sem þeir mótmæltu því að ríkið seldi hlutabréf sín forstjóra fyrirtækisins. Ástæðan fyrir því er sú að menn treysta ekki einkaöðlum til að standa vörð um hagsmuni fyrirtækisins, segir Þorsteinn Konráðsson, formaður Starfsmannafélags Slippstöðvarinnar á Akureyri við Þjóðviljann.

Þegar það fréttist, fyrir skömmu að Gunnar Ragnars, forstjóri Slippstöðvarinnar og forseti bæjarstjórnar Akureyrar, hefði hug á að bjóða í hlutabréf ríkisins í fyrirtækinu, en það er stefna ríkisstjórnarinnar að selja hlutabréf sín í því, brást starfs-

fólkið hart við og mótmæltu þeim áformum með söfnun undirskrifta vel flestra starfsmanna fyrirtækisins, en hjá því starfa rúmlega 200 manns.

Að sögn Þorsteins var undirskriftasöfnunin ekki gerð að frumkvæði Starfsmannafélagsins, heldur var hér um grasrótaraðgerð að ræða. Þorsteinn sagði að tveir menn hefðu komið að sunnan fyrir skömmu til að gera úttekt á því hve mikil verðmæti ríkið ætti í húsum og vélum og hefði starfsfólkinu ekki litist á blikuna, vegna vantrúar þess á einkaframtakinu að standa vörð um hagsmuni fyrirtækisins.

Gunnar Ragnars, forstjóri Slippstöðvarinnar vildi ekkert

segja við Þjóðviljann um mótmæli starfsmanna við fyrirtætlunum hans, en sagði að hlutabréf ríkisins væru búin að vera til sölu allt frá 1983, þegar þáverandi stjórn var mynduð undir forsæti Steingríms Hermannssonar og sala bréfanna væri einnig að finna í stefnuýfirlýsingu núverandi stjórnar.

„Það hefur aldrei staðið til að

ég keypti hlutabréf ríkisins einn, heldur hafði ég hugsað mér að fá stærstu viðskiptaaðila fyrirtækisins til að kaupa með mér. En það hefur engin ákvörðun verið endanlega tekin í málinu, og það liggur ekki fyrir en um miðjan mánuðinn hvað ríkið metur sinn eignarhlut mikils“, sagði forstjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri.

—grh

VMSÍ

„Hófsamar“ kaupkröfur

Áhugi innan framkvæmdastjórnar VMSÍ á „hófsömum“ kaupkröfum. Æ fleiri félög leggja áherslu á að laun verði ekki undir 42.000 krónum. Jón Agnar Eggertsson, Borgarnesi: Þungt hljóð í fólki

Samkvæmt heimildum Þjóðviljans er meirihluti framkvæmdastjórnarmanna Verkamannasambandsins hlýntur því að í komandi samningaviðræðum verði hófuð áhersla lögð á „hófsamar“ kjarakröfur og kröfugerð sambandsins frá því í haust verði varpað fyrir róða. Í sjömannanefndinni er falið var að gera tillögu að nýrri kröfugerð, sem leggja á fyrir formannafund sambandsins á miðvikudag, er rætt um að setja fram kröfur um 7-10% taxtahækkunar, auk starfsaldurshækkana og annarra lagfæringa, hliðstæðra þeim sem krafist var í viðræðum við VSI um skammtímasamning. Jafnframt er til umræðu að krefjast desemberuppbótar á laun eins og er inn í samningum opinberra starfsmanna.

Verði raunin sú að ekki verði krafist verulegrar kauphækkunar, verður það í þriðja sinn sem rekunum er varpað á Verkamannasambandið. Það væri eftir öðru að sinna ekki réttmætum kröfum æ fleiri félaga um að lágmarkslaun verði ekki lægri en sem nemur skattleysismörkunum, eða um 42.000 krónum á mánuði, sagði einn forystumanna VMSÍ, sem Þjóðviljinn ræddi við í gær, en framreiknuð krafa VMSÍ frá því í haust nemur þeirri tölu.

Ljóst er að æ fleiri félög VMSÍ leggja aukna áherslu á að lágmarkslaun nemi skattleysismörkunum. Verkalýðsfélags Borgarness samþykkti nýlega ályktun þess efnis, en í ályktun félagsins segir að „lágmarkslaun eigi ekki að vera lægri en skattleysismörk“. Að auki hafa Alþýðusamband Suðurlands, Hlíf í Hafnarfirði og Alþýðusamband Austurlands sett fram nær samhljóða kröfur.

— Á sama tíma og menn hafa eytt töluverðum tíma í viðræður um skammtímasamninga, hefur láðst að skipuleggja hreyfinguna ef til átaka kemur á vinnumarkaði. Það er þungt hljóð í fólki en jafnframt mikill hugur. Fólki getur ekki beðið öllu lengur eftir samningum, sagði Jón Agnar Eggertsson, formaður Verkalýðsfélags Borgarness.

Í gær átti Þorsteinn Pálsson, forsætisráðherra viðræður við

fulltrúa VMSÍ og atvinnurekenda. Að sögn Karvels Pálmarssonar, varaformanns Verkamannasambandsins, gaf forsætisráðherra ekki neinn ádrátt um aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til að liðka um fyrir samningum. Verkamannafélagið Dagsbrún ætlar að boða til félagsfundar á fimmtudag í næstu viku þar sem stjórn félagsins mun m.a. óska eftir heimild til verkfallsstöðvunar.

—rk

Verðlagsnefnd búvara

Gefist upp á „frjálsu“ verðlagi

Fulltrúar neytenda í Verðlagsnefnd búvara harma að egg, kjúklingar og kartöflur komi til opinberrar verðlagningar


Verðlagsnefnd búvara ákvað í gær að verða við ósk eggja-, kjúklinga- og kartöflubænda um opinbera verðlagningu á framleiðslu sinni. Verðákvörðunar er ekki að vænta fyrir en í byrjun mars.

Fulltrúar neytenda í nefndinni lögðu fram bókun á fundinum þar sem þeir harma þá ákvörðun stjórnar Samtaka eggjaframleiðanda, Félags kjúklingabænda og Landssambands kartöflubænda, að óska eftir opinberri verðlagningu á afurðum sínum. „Framleiðslustýring í þessum greinum og verðákvörðun í skjóli

búvörlaganna, mun augljóslega valda neytendum umtalsverðu tjóni og sú mikla fjárfesting og uppbygging, sem átt hefur sér stað í þessum greinum á undanförnum árum, ekki nýtt til eðlilegrar samkeppni og frjálsrar verðmyndunar, sem leiðir til lægra vöruverðs og aukinnar sölu neytendum til hagsbóta“ segir í bókuninni.

Prátt fyrir það telja fulltrúar neytenda að búvörlögin taki af öll tvímæli um að Verðlagsnefnd beri að verða við þeirri beiðni að ákveða verðlagsgrundvöll á þessum afurðum.

—mj.



Hann vann!

Karpov að líkindum næstur

Jóhanni Hjartarsyni tókst hið ómögulega, að vinna einvígið við Viktor Korchnoi, einn allra sterkasta skákmann heims í áratugi.

Jóhann hafði svart í lokaskákinni í gærkvöldi og virtist eiga á brattann að sækja framan af. Miðtaflið tefldi hann síðan af stakri snilld og tókst að knýja fram vinning.

Korchnoi lenti í gífurlegu tíma-

Sjá skýringar Helga Ólafssonar og stutt spjall við Jóhann, bls. 6.

hraki og síðustu leikina lék hann viðstöðulaust. Um tíma virtist hann jafnvel vera að rétta úr kútnum, en í þetta sinn sleppti Jóhann honum ekki.

Að sögn Jóhanns er líklegast að næsti andstæðingur verði sjálfur Anatolí Karpov.

Þjóðviljinn óskar Jóhanni til hamingju með sigurinn og velfarnaðar í framhaldinu.

HS